

Burðarpokar úr plasti

*Tillögur að
aðgerðum um
hvernig draga megi
úr notkun
plastpoka*

Starfshópur skipaður af umhverfis- og auðlindaráðherra 15. janúar 2016

Skil til umhverfis- og auðlindaráðherra 27. júní 2016

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Það sem starfshópurinn hafði til hliðsjónar	5
Þingsályktun nr. 18/144.....	5
Tilskipun um að draga úr notkun á þunnum burðarpokum úr plasti	5
Tillaga Umhverfisstofnunar	6
Saman gegn sóun.....	6
Stjórnþæki og stefnur sveitarfélaga	7
Aðgerðir sem þegar eru fyrir hendi	8
Önnur lönd.....	8
Ísland	8
Sveitarfélög.....	8
Stofnanir/fyrirtæki.....	9
ÁTVR	9
Pokasjóður	9
Úrvinnslusjóður	10
Endurvinnslan hf.....	10
Oddi ehf.	10
Tímalína	11
Almennt um verkefnið.....	11
Vandamál sem fylgja ofnotkun á burðarpokum.....	12
Magntölur í burðarplastpokanotkun	13
Umræður í starfshópnum	13
Fræðsla sem leiðir til vitundarvakningar	15
Stjórnþæki sem gagnast við að ná markmiðinu	16
Tillögur.....	18
Tillaga 1: „Nýr pokasjóður“.....	18
Tillaga 2: Framkvæmdahópur verslunarinnar um að draga úr notkun einnota burðarplastpoka	18
Tillaga 3: Tölulegar upplýsingar	19
Tillaga 4: Fræðsla og kynning til almennings og verslunar	19
Tillaga 5: Bann við afhendingu burðarpoka án endurgjalds	19
Tillaga 6: Gjald á burðarpoka.....	19
Tillaga 7: Meðhöndlun úrgangs	20
Tillaga 8: Samráðshópur um að draga úr notkun einnota burðarpoka	20

Tillaga 9: Breytingar á Úrvinnslusjóði	20
Tillaga 10: Fræðsla og kynning til almennings og verslunar skv. tilskipun	20
Tillaga 11: Fræðsla um verkefnið „ég er ekki plastpoki“ skv. tilskipun	21
Tillaga 12: Mat á umhverfisáhrifum plastpoka vs. margnota og lífbrjótanlegra poka	21
Tillaga að aðgerðaráætlun.....	22
Lokaorð.....	23

Inngangur

Starfshópur var skipaður af umhverfis- og auðlindaráðherra í byrjun árs 2016 til að móta tillögur að aðgerðum um hvernig draga megir úr notkun plastpoka með árangursríkum hætti. Í störfum sínum skyldi starfshópurinn horfa m.a. til þingsályktunar um að draga úr plastpokanotkun sem samþykkt var á Alþingi 1. júlí 2015, breytinga á EES-samningnum vegna burðarplastpokanotkunar og tillögu Umhverfisstofnunar um hvernig hægt væri að vinna stefnu og aðgerðir sem miði að því að draga úr plastpokanotkun hér á landi. Starfshópurinn skyldi hafa það að markmiði að dregið verði úr notkun burðarplastpoka í áföngum þannig að þeir verði 90 plastpokar á einstakling fyrir árslok 2019 og 40 plastpokar fyrir árslok 2025. Hópurinn skyldi jafnframt leggja mat á hvort og þá hvaða stjórnþæki gætu gagnast við að ná markmiðinu, t.d. bann við notkun plastpoka að einhverju eða öllu leyti, skattlagning plastpoka, niðurgreiðslur á umbúðum sem gætu komið í stað plastpoka, notkun hagrænna hvata til grænnar nýsköpunar í plastiðnaði o.fl. Starfshópnum bar enn fremur að skoða staðgengilsvöru plastpoka sem og aðgang almennings og atvinnulífs að leiðum sem bætt geta hringrásarkerfi. Starfshópnum bar að meta hugsanleg kostnaðaráhrif þeirra aðgerða sem lagðar verða til og tilnefna ábyrgðaraðila fyrir hverja aðgerð fyrir sig.

Í starfshópnum sátu fulltrúar tilnefndir af Umhverfisstofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu. Fulltrúi umhverfis- og auðlindaráðuneytis stýrði starfi hópsins. Starfshópurinn hélt 11 fundi og hafði m.a. samráð við, fulltrúa Landverndar, Vakanda, matvöruverslana, Pokasjóðs, gámaþjónustuaðila og Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins bs. Þá leitaði starfshópurinn til Rósu Bjarkar Halldórsdóttur, sem er áhugamanneskja um plast og umhverfisvernd. Formaður starfshópsins hafði samband við Neytendasamtökin sem taldi eðlilegast að eiga aðkomu að málinu þegar ráðuneytið fer að vinna úr tillögum hópsins og fá til umsagnar þær aðgerðir sem ráðuneytið muni ráðast í. Enn fremur hafði formaður samband við fulltrúa Stykkishólmsbæjar til að fá upplýsingar um tilraunaverkefni um burðarplastpokalaust sveitarfélag og framkvæmdastjóra Endurvinnslunnar hf. Þá fundaði formaður með fulltrúum Úrvinnslusjóðs og ræddi við forstjóra Umhverfisstofnunar.

Starfshópurinn var skipaður vegna þess að bæði einstök ríki og almenningur kallar á aðgerðir til að draga úr soun og notkun á einnota hlutum. Notkun burðarpoka úr plasti er aðeins hluti af stóru verkefni er varðar soun og að draga úr notkun á einnota hlutum og umbúðum. Starfshópurinn hafði, í samræmi við erindisbréf sitt, eins og fram kemur hér að framan, til hliðsjónar tilskipun 2015/720/ESB um breytingu á tilskipun 94/62/EB um minnkun á notkun létttra burðarplastpoka sem leggur skyldur á herðar aðildarríkja að minnka notkun á hefðbundnum plastpokum, samþykkt Alþingis 1. júlí 2015 á þingsályktun um að draga úr plastpokanotkun og tillögu Umhverfisstofnunar um hvernig hægt væri að vinna stefnu og aðgerðir sem miði að því að draga úr plastpokanotkun á Íslandi. Hópurinn skoðaði einnig stefnuna *Saman gegn soun* um úrgangsforvarnir.

Það sem starfshópurinn hafði til hliðsjónar

Þingsályktun nr. 18/144

Hinn 1. júlí 2015 ályktaði Alþingi með þingsályktun nr. 18/144 að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að finna leiðir til að minnka plastpökunotkun hér á landi og birta aðgerðaráætlun. Við val á leiðum skyldi litið til annarra ríkja í Evrópu þar sem markvisst hefur verið dregið úr plastpökunotkun.

Tilskipun um að draga úr notkun á þunnum burðarpokum úr plasti

Tilskipun 2015/720/ESB frá 29. apríl 2015 um breytingu á tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðarúrgang hvað varðar að draga úr notkun á þunnum burðarpokum úr plasti tekur gildi í ESB 27. nóvember 2016. Tilskipunin er í ferli innan EFTA síðan 13. maí 2015 og sendi Ísland afstöðu sína til EFTA 28. ágúst 2015. Í þeirri afstöðu kemur fram að Ísland telur gerðina EES-tæka og gerir ekki athugasemdir við að hún verði tekin inn í EES-samninginn. Grunngerðin, tilskipun 94/62/EB, var innleidd með reglugerð nr. 609/1996 um meðferð umbúða og umbúðarúrgangs með lagastoð í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Úrgangsforvarnir eru ráðstafanir sem gerðar eru áður en efni, efniviður eða vara er orðin að úrgangi og draga úr magni úrgangs, neikvæðum áhrifum á umhverfið og heilbrigði manna vegna úrgangs sem hefur myndast eða innihaldur skaðleg efni. Í breytingartilskipuninni er kveðið á um að aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að ná fram viðvarandi minnkun á notkun á þunnum burðarpokum úr plasti á yfirráðasvæði sínu. Í þeim ráðstöfunum gæti falist að nota landsbundin markmið um minni notkun, að viðhalda eða innleiða efnahagsleg stjórnækki, sem og markaðshindranir að því tilskildu að þær takmarkanir séu hóflegar og án mismununar. Í tilskipuninni er kveðið á um að slíkar ráðstafanir geti verið mismunandi eftir umhverfisáhrifunum af endurnýtingu þunnra burðarpoka úr plasti eða af förgun þeirra, eiginleikum þeirra hvað varðar myltingu, endingu þeirra eða sértækri fyrirhugaðri notkun. Í ráðstöfunum aðildarríkjanna skulu felast annað hvort eftirfarandi eða hvort tveggja:

- a) samþykkt ráðstafana sem tryggja að eigi síðar en 31. desember 2019 fari árlegt notkunarmagn ekki yfir 90 þunna burðarpoka úr plasti á einstakling og eigi síðar en 31. desember 2025 ekki yfir 40 þunna burðarpoka úr plasti á einstakling eða sem nemur jafngildum markmiðum sem eru gefin upp sem þyngd. Mjög þunna burðarpoka úr plasti má undanskilja landsbundnum notkunarmarkmiðum,
- b) samþykkt stjórnækja sem tryggja að eigi síðar en 31. desember 2018 séu þunnir burðarpokar úr plasti ekki afhentir án endurgjalds á sölustöðum vara eða afurða, nema beitt sé öðrum jafnskilvirkum stjórnækjum. Mjög þunna burðarpoka úr plasti má undanskilja þessum ráðstöfunum.

Frá 27. maí 2018 skulu aðildarríkin gefa skýrslu um árlega notkun á þunnum burðarpokum úr plasti þegar þau senda framkvæmdastjórninni gögn um umbúðir og umbúðarúrgang. Aðildarríkjunum er heimilt að nýta ráðstafanir, svo sem efnahagsleg stjórnækki og landsbundin markmið um minni notkun, að því er varðar hvers konar burðarpoka úr plasti án tillits til þykktar þeirra. Loks kemur fram að aðildarríkin skulu stuðla með virkum hætti að upplýsingagjöf til almennings og vitundarvakningu um skaðleg umhverfisáhrif óhóflegrar notkunar á þunnum burðarpokum úr plasti í a.m.k. eitt ár eftir 27. nóvember 2016.

Hvað varðar sértækar ráðstafanir vegna lífbrjótanlegra og myltanlegra burðarpoka úr plasti þá á framkvæmdastjórn ESB eigi síðar en 27. maí 2017 að samþykkja framkvæmdargerð til að mæla fyrir

um forskriftir merkimiða eða merkja til að tryggja að lífbrjótanlegir og myltanlegir burðarpokar úr plasti séu viðurkenndir á öllu ESB svæðinu til að veita neytendum réttar upplýsingar um eiginleika þeirra er varða myltingu. Aðildarríkin skulu tryggja, eigi síðar en 18 mánuðum eftir samþykki þeirrar framkvæmdargerðar, að lífbrjótanlegir og myltanlegir burðarpokar úr plasti séu merktir í samræmi við forskriftirnar sem kveðið er á um í framkvæmdargerðinni.

Eigi síðar en 27. nóvember 2021 skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um mat á skilvirkni ráðstafanna gegn úrgangi við að breyta hegðun neytenda og stuðla að úrgangsforvörnum. Ef matið sýnir að samþykktu ráðstafanirnar eru ekki skilvirkar skal framkvæmdastjórnin kanna aðrar mögulegar aðferðir til að ná fram minnkun á notkun þunnra burðarpoka úr plasti, þ.m.t. að setja markmið sem eru raunhæf og viðuráðanleg og leggja fram tillögu að nýrri löggjöf ef við á. Eigi síðar en 27. maí 2017 skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um könnun á umhverfisáhrifum notkunar á burðarpokum úr plasti sem er niðurbjótanlegt með oxun og leggja fram tillögu að nýrri löggjöf ef við á. Eigi síðar en 27. maí 2017 skal framkvæmdastjórnin meta áhrif vistferla mismunandi valkosta við minnkun á notkun mjög þunnra burðarpoka úr plasti og leggja fram tillögu að nýrri löggjöf ef við á.

Aðildarríki eiga að samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipuninni eigi síðar en 27. nóvember 2016. **Að því tilskildu að markmiðin, sem sett eru fram í grunngerðinni, náist er aðildarríkjunum heimilt að lögleiða ákvæðin um úrgangsforvarnir og skilgjalds, söfnunar- og endurnýtingarkerfi með samningum milli stjórnvalda og þeirra atvinnugreina sem um er að ræða.**

Tillaga Umhverfisstofnunar

Með bréfi, dags. 17. október 2014, sendi Umhverfisstofnun umhverfis- og auðlindaráðuneytinu bréf þar sem tilteknað er aðgerðir til að draga úr notkun plastpoka. Stofnunin lagði til að ráðuneytið myndi hefja vinnu við stefnu og framkvæmd um að minnka notkun venjulegra plastpoka hér á landi í samræmi við tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og byggða á aðgerðum og reynslu annarra ríkja. Slíkt verkefni ynni vel með áætlun um að draga úr úrgangsmyndun. Verkefnið gæti verið falið stofnuninni eða öðrum aðila en nauðsynlegt er að því verði markaðar tekjur og tímarammi. Stofnunin lagði áherslu á að verkefnið yrði **unnið í nánú samvinnu við alla haghafa og með góða og jákvæða kynningu** í huga. Umhverfisstofnun mótaði lýsingu á verkefninu, skilgreindi helstu hagsmunaaðila og gerði áhættugreiningu. Í tillögu Umhverfisstofnunar kemur fram að eðlilegt sé að Ísland miði við þær kröfur sem settar eru fram í tilskipuninni um að draga úr notkun á þunnum burðarpokum úr plasti. Þar sem Ísland geti valið um hvernig markmiðum skuli náð og hvernig mæla skuli árangur ætti að líta til þess hvaða lausnir önnur lönd hafi nýtt sér. Mögulegar aðgerðir til að sporna gegn plastpokanotkun gæti verið að leggja skatt á plastpoka, setja bann á plastpoka að einhverju eða öllu leyti, niðurgreiða aðrar umbúðir og nýta hagræna hvata til grænnar nýsköpunar í plastiðnaði. Loks þarf að **leggja mat á plastpokanotkun Íslendinga** svo hægt sé að sjá hvort að notkunin dragist saman.

Saman gegn sóun

Almenn stefna um úrgangsforvarnir sem ber heitið *Saman gegn sóun* gildir fyrir árin 2016 - 2027 og eru markmið hennar m.a. að draga úr myndun úrgangs og bæta nýtingu auðlinda. Forvarnir gegn myndun úrgangs felast í að nýta auðlindir okkar sem best. Viðfangsefnið er að þróa samfélag sem hefur skilvirka auðlindanýtingu í fyrirrúmi og að fólk öðlist skilning á gagnsemi fyrirbyggjandi aðgerða sem koma í veg fyrir myndun úrgangs. Tilgangur stefnunnar er m.a. að draga úr hráefnisnotkun og er áhersla lögð á nægjustærni, nýtni og fræðslu til að koma í veg fyrir myndun úrgangs. Í stefnunni er megináhersla lögð á níu flokka sem skipt er í tvennt. Annars vegar er um að ræða sex flokka sem verða í forgangi tvö ár í senn en það eru matvæli, plast, textíll, raftæki, grænar byggingar og pappír. Hins vegar eru þrír flokkar sem gert er ráð fyrir að unnið verði með til lengri

tíma, þ.e. aukaafurðir frá vinnslu kjöts og fisks, drykkjarvöruumbúðir og draga úr myndun úrgangs frá stóriðju. Í stefnunni er lögð áhersla á mikilvægi þess að hafa regluverkið skýrt og einfalt til að stuðla að nýtingu þessara hráefna og skapa aukin tækifæri á endurnýtingu.

Samkvæmt úrgangsforvarnarstefnunni verður **plast í forgangi árin 2018 og 2019**. Í stefnunni kemur fram að umræða um plastúrgang hefur aukist og nýjustu rannsóknir hafa sýnt að plastúrgangur í hafi skapar hættu fyrir vistkerfi þess og berst inn í fæðukeðjuna. Með því að draga úr myndun plastúrgangs sé mögulegt að bæta nýtingu þeirrar auðlindar sem jarðolía er og minnka dreifingu á efnum sem eru skaðleg umhverfinu. Sem umhverfisvísar í stefnunni er tilgreint það magn eða sá fjöldi burðarpoka úr plasti sem fara í umferð árlega, en tekið fram að þessi gögn séu ekki aðgengileg eins og stendur. Stefnan tiltekur tillögur að frekari ráðstöfunum og þar er m.a. nefnd samstarfsverkefni með framleiðendum og kaupmönnum um að draga eins og kostur er úr notkun plastumbúða, ónauðsynlegum umbúðum og stuðla að hönnun umbúða taki mið af úrgangsforvörnum, samstarfsverkefni með framleiðendum og kaupmönnum um aðgerðir til að draga úr notkun burðarpoka úr plasti og að koma í veg fyrir notkun plasts sem torvelt eða ómögulegt er að endurvinnna.

Stjórnæki og stefnur sveitarfélaga

Meðhöndlun úrgangs er almannapjónusta á ábyrgð sveitarfélaga sem ber að ná markmiðum sem sett eru í úrgangsforvörnum, endurnýtingu, endurvinnslu og lágmarkun förgunar. Mörg sveitarfélög hafa metnað til að gera vel í þessum efnum og hafa eða fyrirhuga að ráðast í kostnaðarsamar fjárfestingar til að ná þeim markmiðum.

Sveitarfélög setja samþykkt á grunni 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þar geta þau kveðið á um fyrirkomulag um meðhöndlun úrgangs, skyldur einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang, stærð, gerð, staðsetningu og merkingu sörpíláta og sambærileg atriði innan sveitarfélagsins. Einnig vinna sveitarfélög svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs á grundvelli 6. gr. laga nr. 55/2003. Í gegnum samþykktir og svæðisáætlanir geta sveitarfélögin innleitt aðgerðir, verklag og hirðulausnir sem miða að úrgangsforvörnum og mætti eflaust nýta þær leiðir í ríkara mæli. Eitt mikilvægasta stjórnæki sveitarfélaga er gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs sem sveitarfélög setja á grundvelli heimildar 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Með gjaldskránni hafa sveitarfélögin vald til að nota hagræna hvata til að ná markmiðum, svo sem í að lágmarka myndun úrgangs og auka flokkun og skil til endurvinnslu. Stefnur sveitarfélaga í úrgangsmálaflokknum innibera oft á tíðum úrgangsforvarnir og einhver hafa sett af stað sérstakar aðgerðir til að draga úr myndun úrgangs. Sem dæmi var samþykkt aðgerðaáætlun í úrgangsmálum Reykjavíkurborgar til 2020 í borgarstjórn 19. janúar 2016 með það m.a. að markmiði að draga úr myndun úrgangs. Áætlunin gildir fyrir árin 2015 - 2020. Í áætluninni kemur fram að kostnaður við umbúðir er hluti af kostnaði hvernar vöru og að neytendur geta haft mikil áhrif til að draga úr umbúðum með innkaupavenjum sínum og að átaki gegn plastpokanotkun verði hrundið af stað í Reykjavík.

Aðgerðir sem þegar eru fyrir hendi

Önnur lönd

Mörg lönd hafa þegar sett fram aðgerðir til að draga úr notkun einnota burðarplastpoka og hafa beitt ýmsum stjórnækjum til þess, svo sem gjaldtöku, banni og fræðslu. Eftirfarandi eru örfá dæmi um aðgerðir í nokkrum löndum.

Fyrir 22 árum lögðu danir skatt á framleiðslu hvers kg af plastpokum í Danmörku sem gerir það að verkum að plastpokar eru seldir á um 50 – 70 ÍKR. Þessi aðgerð minnkaði notkun plastpoka um 60% en notkunin er þó á leið uppá við aftur.

Engin löggjöf er um málið í Finnlandi en þar hafa verslanir farið þá leið að bjóða frekar uppá pappírspoka og því eru burðarplastpokar notaðir þar í mjög litlu mæli.

Írland fór þá leið að leggja gjald (rúmlega 20 ÍKR) á notkun burðarplastpoka árið 2002 og hefur sú aðgerð minnkað notkun þeirra um 90%. Árið 2007 var gjaldið síðan hækkað þar sem notkun burðarplastpoka fór að aukast. Fjármunirnir sem safnast fyrir fara í umhverfisverndarsjóð. Írar gera ekki greinamun milli einnota burðarplastpoka og lífbrjótanlegra poka og því sama gjald lagt á þá. Plastpokar sem hannaðir eru til endurnotkunar eru undanþegnir gjaldinu að því gefnu að verslunin rukki minnst um 100 ÍKR fyrir pokann.

Verslunum á Ítalíu var bannað að gefa burðarplastpoka og innheimta nú gjald fyrir þá en margnota pokar og lífbrjótanlegir pokar eru undanskildir því gjaldi.

Í Frakklandi hafa einnota burðarplastpokar verið bannaðir með lögum. Margnota burðarpokar (hvort sem þeir eru úr plasti eða öðru efni) og lífrænir burðarpokar eru undanþegnir banninu. Frá 1. janúar 2017 stendur til að útvíkka þetta bann til allra annarra einnota burðarplastpoka svo sem fyrir ávexti og grænmeti. Ekki er þó búið að fullu innleiða það bann.

Noregur telur tilskipunina, sem hér er til umfjöllunnar, EES tæka og telur að innleiðing hennar kalli á lagabreytingu, samkvæmt staðalskjali sem sent var til EFTA 9. júní 2016. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvernig gerðin verði innleidd og hvaða leið verði valin þar.

Ísland

Á Íslandi hafa þegar verið settar fram ýmsar einstakar aðgerðir til að draga úr notkun einnota burðarplastpoka og hefur ýmsum stjórnækjum til þess verið beitt, svo sem gjaldtaka, bann og fræðsla. Eftirfarandi eru nokkur dæmi um aðgerðir hér á landi á vegum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja.

Sveitarfélög

Nokkur sveitarfélög hafa sett í gang ýmis verkefni til þess að sporna við notkun innkaupapoka úr plasti eins og t.d. Stykkishólmsbær sem unnið hefur markvisst að því með öllum verslunum í bæjarfélaginu. Þá má nefna Hafnarfjörð sem hefur hvatt stofnanir, fyrirtæki og almenning til að minnka notkun burðarplastpoka og Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes sem dreifðu margnota pokum til íbúa sinna. Árið 2014 var farið í tilraunaverkefni um burðarplastpokalaust sveitarfélag í

Stykkishólmi. Markmið tilraunarinnar var að kanna hvort hægt væri að hætta notkun burðarplastpoka í heilu sveitarfélagi án formlegs banns. Staðið var fyrir fræðslu og hvatningarátaki og lögð mikil áhersla á miðlun upplýsinga til fyrirtækja og almennings. Náð samráð var haft við verslunar- og þjónustuaðila og þeir aðstoðaðir við að finna lausnir sem hentuðu viðkomandi rekstri. Viðbrögð við verkefninu voru jákvæð og meðan á því stóð hættu öll fyrirtæki og stofnanir í sveitarfélaginu að nota burðarplastpoka, að einu undanskildu.

Stofnanir/fyrirtæki

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun varð plastpokalaus í byrjun árs 2016. Þannig hefur notkun einnota plastpoka verið hætt og þess í stað eru notaðir maíspokar og fjölnota burðapokar eða aðrar lausnir. Það sem hér skiptir máli er að stofnunin fór fyrst og fremst yfir hvar þarf poka og hvar ekki en þá skiptir miklu máli að allur endurvinnanlegur úrgangur þarf ekki að fara í poka í tunnurnar. Lífrænir pokar eru síðan notaðir undir blandaðan og lífrænan úrgang. Í starfi sem tengist umsjón og rekstri friðlýstra svæða og þjóðgarða og í verkefnum á borð við sjálfbærliðastarf og hreinsun stranda er unnið að því að útrýma notkun einnota plastpoka og nota þess í stað fjölnota burðarþoka, sekki, dalla, umbúðir, töskur og annað í þeim dúr.

ÁTVR

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur um nokkurra ára skeið unnið markvisst að því að draga úr notkun burðarplastpoka og bjóða viðskiptavinum sínum uppá aðrar lausnir, svo sem notaða pappakassa, lífræna poka og nokkrar gerðir af margnota pokum. Á árinu 2015 jókst sala á fjölnota pokum um 12% en ennþá eru seldir um 1,6 milljónir plastpoka á ári en dróst þó saman um 7% árið 2015.

Pokasjóður

Pokasjóður er 20 ára gamall og í raun eldri því hann byggir á grunni á sjóði sem Kaupmannasamtök Íslands og Landvernd stofnuðu fyrir 1990. Meginástæðan var að draga úr notkun á burðarplastpokum og að búa til sjóð til að styrkja landverndarverkefni. Talið var að burðarplastpokanotkun hafi dregist saman um 30% og fór ágjóði til umhverfismála þá helst landgræðslu og skógræktarmála. Í dag samanstendur Pokasjóður af tilteknum aðilum í matvöruverslun. Matvöruverslunum ber ekki skylda til að taka þátt í þessu verkefni og hafa einhverjir stórir aðilar ákveðið að standa fyrir utan þetta samstarf og ráðstafa sínum eigin sjóði. Í dag er búið að úthluta um 1,2 milljarði úr Pokasjóðnum. Fram að efnahagskreppunni 2008 var lögð áhersla á landgræðslu og skógræktarmál. Fyrstu árin eftir 2008 var lögð áhersla á að hjálpa fólki í vanda svo sem Hjálparstarfi kirkjunnar og Mæðrastyksnefnd en síðustu ár hefur fjármagnið farið til tækjakaupa fyrir Landspítalann. Þar til 2008 fékk stjórn Pokasjóðs ráðgjafa til sín til að leggja mat á styrkumsóknir og leggja fram tillögur en eftir 2008 hefur sjóðurinn ekki tekið við styrkbeiðnum heldur veitir fjármagninu þangað sem hann telur mest þörf á því. Flestar matvöruverslanir selja plastpoka í dag á um það bil 20- 30 kr. Hjá þeim verslunum sem eru aðilar að Pokasjóði eru seldir um 15 milljónir burðarplastpokar á ári og af þeirri sölu fara sjö krónur af hverjum poka í sjóðinn. Talið er að um 40 til 50% dagvöruverslunarinnar séu aðilar að sjóðnum.

Úrvinnslusjóður

Úrvinnslusjóður hóf starfsemi 1. janúar 2003 og við stofnun tók sjóðurinn við verkefnum Spilliefnanefndar. Starfsemi Úrvinnslusjóðs felst einkum í umsýslu og ráðstöfun úrvinnslugjalds og í dag er lagt úrvinnslugjald á allar plastumbúðir, þ.m.t. einnota burðapoka úr plasti, til að tryggja úrvinnslu plastumbúða. Á burðaplastpoka til að setja vörur í eftir innkaup eru lagðar á 16 kr/kg af innflutningi og innlendri framleiðslu. Pokar sem eru ekki umbúðir utan um endursöluvöru, svo sem ruslapokar, bera hins vegar ekki úrvinnslugjald.

Endurvinnslan hf.

Endurvinnslan hf. sér um móttöku á einnota drykkjarvöruumbúðum úr plasti, áli og gleri. Með þessum umbúðum berst mikið af plastpokum sem fyrirtækið safnar saman. Hjá Endurvinnslunni hf. fara um 40 til 45 tonn á ári af plastpokum í endurvinnslu, bæði hefðbundnir burðarpokar og einnig svartir ruslapokar. Endurvinnslan hf. reyndi fyrir nokkrum árum að koma á að fjölnota pokar yrðu notaðir. Fyrirtæki keypti og gaf viðskiptavinum sínum 10.000 fjölnota poka. Verkefni þetta hafði ekki tilætluð áhrif þar sem þessir pokar fóru meira og minna allir í ruslið strax eftir fyrstu notkun.

Oddi ehf.

Oddi ehf. hefur um nokkurt skeið tekið á móti endurnýtanlegu plasti frá ýmsum aðilum og endurunnið í plastpokaframleiðslu sinni. Þess má geta að nú fer t.d. allt glært og hvítt plast frá ÁTVR til Odda í endurvinnslu.

Tímalína

Ýmsar vörður eru á leiðinni þar til að lokatakmarki tilskipunarinnar verður náð fyrir árslok 2025. Um er m.a. að ræða eftirfarandi tímafresti sem er að finna í tilskipuninni sjálfri og einnig innlendar dagsetningar:

2013-2024	Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.
17. október 2014	Tillaga Umhverfisstofnunar um hvernig hægt er að vinna stefnu og aðgerðir sem miði að því að draga úr plastpokanotkun hér á landi.
29. apríl 2015	Tilskipun 2015/720/ESB um breytingu á tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðarúrgang hvað varðar að draga úr notkun á þunnum burðarpokum úr plasti.
1. júlí 2015	Ályktun Alþingis með þingsályktun nr. 18/144 að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að finna leiðir til að minnka plastpokanotkun á Íslandi og birta aðgerðaráætlun.
15. janúar 2016	Starfshópur skipaður af umhverfis- og auðlindaráðherra í byrjun árs 2016 til að móta tillögur að aðgerðum um hvernig draga megi úr notkun plastpoka með árangursríkum hætti. Hópurinn skilar tillögum í júní 2016.
22. janúar 2016	Úrgangsforvarnastefna - <i>Saman gegn sóun</i> 2016-2027.
26. nóvember 2016	Tilskipun 2015/720/ESB tekur gildi í ESB.
27. nóvember 2016 – 27. nóvember 2017	Í a.m.k. eitt ár ber að stuðla að upplýsingagjöf til almennings og vitundarvakningu um skaðleg umhverfisáhrif óhóflegrar notkunar á þunnum burðarpokum úr plasti því með virkum hætti.
1. janúar 2018 til 31. desember 2019	Plast í forgangi samkvæmt Úrgangsforvarnastefnu – <i>Saman gegn sóun</i> .
27. maí 2018	Árleg skýrslugjöf um notkun á þunnum burðarpokum úr plasti hefst.
27. nóvember 2018	Lífbrjótanlegir og myltanlegir burðarpokar úr plasti skulu merktir.
31. desember 2018	Óheimilt að afhenda burðarplastpoka án endurgjalds.
31. desember 2019	Notkun ekki meiri en 90 plastpokar á mann.
31. desember 2025	Notkun ekki meiri en 40 plastpokar á mann.
1. janúar 20XX	Lokamarkmið að einnota burðarpoki fari alveg út þegar það er komin lausn.

Almennt um verkefnið

Tilskipun 2015/720/ESB um að draga úr notkun einnota burðarplastpoka leggur skyldur á aðildarríki að minnka notkun á hefðbundnum plastpokum og nær tilskipunin til burðarpoka úr plasti sem eru þynnri en 0,05 millimetrar að þykkt, sem eru bæði þunnu ávaxta- og grænmetisþokarnir (sem einnig eru notaðir sem aukapokar við afgreiðslukassa, undir bakarísbrauð í verslunum og t.d. í byggingarvöruverslunum) og burðarpokar stórverslana. Tilskipunin mælir fyrir um markmið sem aðildarríkin geta náð fram með mismunandi aðferðum, t.a.m. úrgangsáætlunum, að leggja á skatt á notkun slíkra poka eða önnur gjöld eða jafnvel grípa til banns. Undanskilja má burðarpoka úr plasti af þykkt sem er minni en 0,015 millimetrar („mjög þunnir burðarpokar úr plasti“), þ.e. áður nefndir ávaxta- og grænmetisþokar, sem eru látnir í té sem innri umbúðir fyrir matvæli í lausu, ef það er nauðsynlegt af hollustuástæðum eða ef notkun á þeim stuðlar að því að koma í veg fyrir sóun á matvælum. Aðildarríki mega þó einnig láta aðgerðir sínar ná til fleiri tegunda af burðarplastpokum heldur en tilskipunin mælir fyrir um. Nota má tekjur af aðgerðum til að styðja frekari aðgerðir með það að markmiði að draga úr notkun burðarplastpoka. Einnig mælir tilskipunin fyrir um viðurkenningu og merkingu niðurbryótanlegra burðarpoka. Loks kemur fram að aðildarríkin skulu stuðla með virkum hætti að upplýsingagjöf til almennings og vitundarvakningu um skaðleg umhverfisáhrif óhóflegrar notkunar á þunnum burðarpokum úr plasti í a.m.k. eitt ár eftir 27. nóvember 2016.

Markmiðin eru að notkun burðarplastpoka sem falla undir tilskipunina verði ekki fleiri en sem svarar 90 slíkum pokum á einstakling fyrir árslok 2019 og 40 fyrir árslok 2025 og eða að slíkum pokum verði ekki dreift af söluaðilum án endurgjalds, nema að önnur úrræði sem skila ekki lakari niðurstöðu hafi verið sett í framkvæmd.

Vandamál sem fylgja ofnotkun á burðarpokum

Mikilvægt er að draga úr óþarfa notkun á einnota burðarplastpokum og öðru plasti þegar hægt er að skipta því út fyrir endingabetri og umhverfisvænni vöru sem gerir sama gagn. Það sem átt er við með óþarfa notkun á einnota plastpokum er t.d. þegar ávextir og grænmeti eins og t.d. appelsínur, bananar, sætar kartöflur og laukur eru settir í plastpoka en engin hollustuháttasjónarmið skýra slíka notkun, vegna þess að hýðið er tekið af eða ávöxturinn skrældur fyrir neyslu. Þá má ímynda sér að ástæðan sé aðeins til þægindarauka fyrir þann sem setur vöruna í körfuna og þann sem afgreiðir hana. Óþarfa notkun á plastpokum á einnig við - þegar verslað er á fleiri en einum stað í einu og plastpoki fenginn í hverri verslun í stað þess að setja allar vörurnar í einn poka. Eins og kemur fram í stefnunni *Saman gegn sóum* þá er mikilvægt að draga almennt úr allri notkun á einnota plasti en með því er m.a. dregið úr auðlindanýtingu (olíu, vatni og öðrum efnum í framleiðslu), dregið úr förgun, uppsöfnun á plastrusli í höfum minnkuð, dregið úr skaða á lífríki, losun gróðurhúsalofttegunda og dreifingu hormónaraskandi efna.

Plast var fyrst uppgötvað fyrir rúmum hundruð árum en hefur einungis verið í almennri notkun í um sextíu ár. Plast er hluti af nánast öllum daglegum athöfnum einstaklinga og er nánast órjúfanlegur hluti af daglega lífi en því miður er mikið af því óþarfi, sér í lagi einnota plast. Notkunartími einnota plasts er mjög stuttur þar sem einnota umbúðum er oftast hent um leið og „frumnotkun“ er lokið. Að meðaltali er talið að hver plastpoki sé notaður í um 25 mínútur og endi síðan í ruslinu, endurvinnslu eða úti í náttúrunni. Þessi óþarfa notkun á einnota plasti verður til þess að allt of mikið er til af því og það safnast fyrir í umhverfinu og fer að valda skaða á lífríki. Því þarf að breyta þessu neyslumunstri okkar.

Plast er framleitt úr óendurnýtanlegum auðlindum og oft er talað um að það þurfi um tvö kg afolíu til að framleiða eitt kg af plasti. Þó að notkunartími plasts sé oft mjög stuttur þá getur endingartími þess verið langur vegna þess hversu slitsterkt það er.

Burðarpokar úr plasti eru mikið notaðir vegna þess að þeir eru þunnir, léttir og endast vel. Endingin skapar þó mestu umhverfisáhrifin af notkun þeirra en plast og plastpokar brotna afar hægt niður í umhverfinu. Þótt þeir séu jafnvel einungis notaðir einu sinni geta þeir verið í umhverfinu í hundruð ára, brotna niður í örplast sem síðan getur borist í jarðveg, vötn og sjó og verið skaðlegt fyrir lífríki, fæðukeðju og vistkerfi. Plastnotkun skapar því mikla mengun og getur haft í för með sér mikinn kostnað fyrir bæði ríki og atvinnugreinar.

Tiltölulega nýlega hafa komið nýjir plastpokar á markað sem eru niðurbjótanlegir með oxun og eru kallaðir á ensku „oxo-biodegradable“ en við plastið er blandað íblöndunarefnum sem gerir það að verkum að pokinn brotnar hraðar niður en hefðbundinn plastpoki. Í tilskipun Evrópusambandsins er gerður sérstakur fyrirvari við slíka poka og því vísað til framkvæmdastjórnarinnar að skoða áhrif þeirra á umhverfið og skila um það skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins fyrir lok maí 2017, með tillögum um aðgerðir. Umræddir pokar brotna hratt niður í náttúrunni og verða því fyrr að örplasti sem hefur ekki síður skaðleg áhrif á lífríki en heilir pokar. Einnig er talið að þeir geti valdið vandræðum í endurvinnslu þar sem íblöndunarefnið gerir það að verkum að plastið brotnar hraðar niður en það er ekki endilega sá eiginleiki sem framleiðandinn sækist eftir.

Lífbrjótanlegir pokar sem oftast eru kallaðir maíspokar eru framleiddir úr ýmsum plöntuafurðum og hafa fengið á sig óorð fyrir að framleiðslan geti verið í samkeppni við fæðuframleiðslu. Í dag eru þessir pokar þó oft framleiddir úr ýmsum hliðarafurðum sem annars væri hent. Þá er alltaf hægt að leita eftir vottuðum lífbrjótanlegum pokum til að vera viss um að þeir séu framleiddir á sem vistvænastan hátt. Annar kostur við pokana er að þeir brotna tiltölulega fljótt niður í náttúrunni og

valda ekki mengun og skaða á lífríkinu vegna þess að þeir eru úr náttúrulegum efnum. Lífbrjótanlega poka er hægt að nota fyrir almenna ruslið en hafa verður þó í huga að eins og plastpokarnir þá eru þessir pokar einnota sem við ættum að forðast að nota eins og hægt er. Ákveðnar áhyggjur hafa verið af því að fólk geti ruglast á þessum pokum og plastpokum þegar kemur að endurvinnslu á plasti en lífbrjótanlegir pokar eru eins og komið hefur fram ekki úr plasti og mega því ekki fara í plastumbúða endurvinnslu. Það getur skaðað endurvinnslu plasticsins og er því nauðsynlegt að kynna vel fyrir fólki að slíkt megir ekki gerast.

Margnota pokar eru til í ýmsum stærðum og gerðum og er kostur þeirra einkum sá að hægt er að nota slíka poka aftur og aftur og jafnvel í mörg ár og draga þannig úr notkun á einnota pokum. Slíkir pokar eru þó ekki endilega umhverfisvænni en plast- eða lífbrjótanlegir pokar ef þeir eru einungis notaðir örfáum sinnum. Þeir geta líka verið úr efnum sem erfitt er að endurvinna eða innihaldið efni sem skaðleg eru náttúrunni. Þá er nauðsynlegt að við framleiðslu og kaup á margnotapokum sé gætt að gæðum þeirra og efnisvali svo þeir nýtist fólki í sem lengstan tíma. Þess má geta að til eru umhverfisvottaðir margnota pokar en sjá verður einnig til þess að nýtingarmöguleikar þeirra séu sem bestir.

Magntölur í burðarplastpakanotkun


Áætlað er að hver íbúi Evrópusambandsins noti að meðaltali um 500 plastpoka á ári og flesta þeirra einungis einu sinni. Á árinu 2008 voru framleiddar 3,4 milljónir tonna af plastpokum í Evrópusambandinu. Á Íslandi eru ekki til magntölur yfir einnota plast en plastúrgangur, þar meðtalið einnota plast og allar plastumbúðir, eru um 5000 tonn á ári. Í Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir árin 2013-2024 kemur fram að ætla megir að Íslendingar noti um 70 milljónir plastpoka á ári hverju og jafngildir það rúmlega 200 plastpokum á mann. Grunntölurnar koma frá Grønn Hverdag í Noregi, eru frá árinu 2008 og voru færðar beint yfir á Ísland. Starfshópurinn telur að þessar tölur gætu hugsanlega verið ofmat á raunnotkun á Íslandi.

Starfshópurinn hefur reynt að leggja mat á fjölda burðarplastpoka á mann á ári og telur að notkunin sé nær 105 pokum á ári, sem gerir rúmlega einn burðarplastpoka á dag á fjögurra manna heimili eða um átta poka á viku. Þá þarf að athuga að inni í þessum tölum eru hvorki sérvörupokar né þunnu grænmetis- og ávaxtapokarnir. Ljóst er að nauðsynlegt er að fá magntölur yfir notkunina á Íslandi réttar.

Umræður í starfshópnum

Á fundum starfshópsins kom fram að Íslendingar eru tilbúnir að nota margnota poka og að viðskiptavinir vilja stuðla að umhverfisvernd, en fólk þarf aðstoð. Ef breyta á hegðun fólks þá þurfa að vera til lausnir og á sama tíma þarf að fræða fólk um kosti og galla einnota poka með einföldum, skýrum skilaboðum. Fyrir nokkrum árum var fólk í vandræðum með að koma því upp í vana hjá sér að koma með fjölnota poka í verslunina en það er að breytast. Þá má benda á að í viðhorfsskönnun Reykjavíkurborgar og SORPU bs. kemur fram að 53% höfuðborgarbúa nota margnota poka við innkaup og 29% til viðbótar geta mjög vel hugsað sér að gera það.

Sp. 61. Nota margnota poka við matarinnkaup



Ljóst er að verkefnið hefur mikinn meðbyr. Allir sem mættu á fundi hjá starfshópnum voru jákvæðir gagnvart því. Merkja má greinilega að aukin umræða er á samfélagsmiðlum og annars staðar í samfélaginu um plastnotkun og einnota vörur og nauðsyn þess að koma öðrum lausnum í framkvæmd. Sama má segja almennt um atvinnulífið og sveitarfélögin.

Meðhöndlun úrgangs er mikilvægur hlekkur í því að ná árangri í að draga úr notkun einnota plastpoka. Starfshópurinn telur **aukna flokkun úrgangs lykilatriði í því að draga úr plastpakanotkun**. Aukin flokkun gæti minnkað þörfina fyrir einnota poka fyrir almennan úrgang sem verður eftir þegar fólk flokkar úrganginn vel. Þar af leiðandi er mikilvægt að halda áfram að hvetja alla, einstaklinga og rekstraraðila, til að flokka úrganginn og skila til endurnýtingar og leggja áherslu á þann þátt. Ljóst er að næstu skref sveitarfélaga og úrgangsfyrirtækja í flokkun úrgangs munu hafa áhrif á notkun plastpoka. Enn eru nokkur sveitarfélög á Íslandi sem ekki bjóða íbúum sínum upp á ítarlega flokkun á heimilisúrgangi eða að þjónustan er með þeim hætti að íbúum finnst aðgengi að skilum á endurvinnsluefni slök og kjósa því frekar að flokka ekki. **Sveitarfélög eru því mikilvægur hlekkur í því að auka flokkun á Íslandi og draga úr úrgangsmyndun**. Fyrirtæki sem taka við endurvinnsluefnum frá heimilum og fyrirtækjum eru einnig mikilvægir samstarfsaðilar. Á fundum starfshópsins kom fram að íbúar eru margir hverjir mjög óöruggir hvað varðar úrgangsflokkun, bæði hvernig fólk eigi að bera sig að, hverjir eru það sem bjóða uppá flokkun og þegar fólk byrjar að flokka þá koma upp margar spurningar um hvað er t.d. plast og hvað er eitthvað annað. Það er nauðsynlegt að úrgangsaðilar beiti sér í því að fá fleiri til að flokka úrgang og sinni betur fræðslu um hvernig það er gert. Þá ætti um leið að haga þeirri þjónustu þannig að **íbúar séu ekki skyldaðir til að setja úrgang í poka** og að sveitarfélög og sorphirðufyrirtæki bjóði upp á lausnir við flokkun sem kalla ekki á notkun einnota plastpoka.

Hér á landi notast flestir við plastpoka undir almenna úrganginn, poka sem keyptir eru undir matvælin til að koma þeim heim. Þá kemur upp spurningin „hvað á ég að nota í ruslatunnuna ef ekki plastpokann?“ Eins og komið hefur fram þá telur starfshópurinn að um leið og almenningur, fyrirtæki og aðrir fara að flokka úrganginn þá minnkar þörfin mikið fyrir poka í ruslatunnuna. Á heimilum í dag þar sem virk úrgangsflokkun er í gangi væri t.d. hægt að notast við annars konar poka sem koma inn á heimilið t.d. undan brauði. Fyrir almenna úrganginn eru lífbrjótanlegir pokar einnig betri kostur en plastpokar og ættu menn því frekar að nota þá.

Þá ræddi starfshópurinn um að ekki er betra að færa eina einnota notkun yfir í aðra einnota og eðlilegra væri að **draga almennt úr notkun einnota umbúða** en að einblína á eina tegund, sbr.

umfjöllun hér að framan. Í erindisbréfinu kom fram að hópurinn skyldi leggja mat á hvort og þá hvaða stjórnþæki gætu gagnast við að ná markmiðinu, t.d. bann við notkun plastpoka að einhverju eða öllu leyti, skattlagning plastpoka, niðurgreiðslur á umbúðum sem gætu komið í stað plastpoka eða notkun hagrænna hvata til grænnar nýsköpunar í plastiðnaði. Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að íslenskt samfélag sé vel tilbúið til að taka vel í slíkar aðgerðir. Hópurinn telur ekki þörf á að niðurgreiða aðrar umbúðir þar sem það gæti fært til neysluna sem vilji er til að minnka.

Fræðsla sem leiðir til vitundarvakningar

Starfshópurinn telur nauðsynlegt að **umræða og umfjöllun um verkefnið verði mikil og jákvæð** þegar það fer af stað og **nauðsynlegt er að undirbúa og kynna verkefnið vel undir jákvæðum formerkjum** og með **einföldum og skýrum skilaboðum til allra**. Mikilvægt er að fara út í fræðslu sem allra fyrst, þar sem fram kemur af hverju er verið að fara í að draga notkun einnota burðarpoka úr plasti og öðrum einnota umbúðum og hvernig á hver og einn að bera sig að.

Allir aðilar í starfshópnum hafa sýnt þessu verkefni mikinn velvilja og hópurinn telur mikilvægt að þeir sem standa að innleiðingu og kynningu á verkefninu geri það í góðu samráði við verslunina og iðnaðinn en framkvæmd á verkefninu verður torsótt ef stuðning skortir. Starfshópurinn hefur rætt þá hugmynd að mynda **hóp með fulltrúum ýmissa aðila sem ætti að koma að því að finna leiðir til kynningar og fræðslu** um verkefnið. Þannig væri hægt að tryggja samstöðu í verkefninu. Mikilvægt er að **verslunin beri eftir sem áður ábyrgð á framkvæmdinni** og að gerður verði samningur milli verslunarinnar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um framkvæmdina.

Það að nota ekki einnota plastpoka eða aðrar einnota umbúðir kallar á lífsstílsbreytingu hjá mörgum og því þarf vitundarvakningu. Góðir hlutir og varanlegar breytingar gerast oft hægt og sígandi. Því er mikilvægt að kynning og fræðsla höfði til hins almenna borgara og ekki sé farið í verkefnið með offorsi. Mikilvægt er að hafa sterkar fyrirmyndir og að stjórnvöld séu í farabroddi að breyta notkun og hegðun. Oft hefur gætt ergelsis hjá almenningi hvað stjórnvöld eru lengi að taka við sér og því er mikilvægt að stjórnvöld sýni í verki að þau eru tilbúin að styðja við íbúa og að koma fram með leiðbeiningar og fræðslu sem og breyti eigin notkun á plastpokum. Þá telur starfshópurinn að skynsamlegt sé að hefja vinnuna á kynningu og fræðslu fyrir almenning og íþyngjandi aðgerðir sem felast þá í gjaldi á plastburðapoka og að verslunir megi ekki afhenda plastpoka frítt komi í kjölfarið.

Mikilvægt er að aðgerðir séu settar þannig upp að þær auki jákvæða ímynd verslana sem sinna umhverfismálum. Hægt væri t.d. að búa til verkefni sem líkist Grænum skrefum Reykjavíkurborgar og Grænum skrefum í ríkisrekstri þar sem verslanir fá með einhverjum hætti viðurkenningu fyrir þátttöku. Þá geti þátttaka verslana í verkefninu bætt ímynd þeirra. Jafnframt mætti búa til keppni milli verslana um hverjar verða fyrstar til að hætta með einnota burðarpoka. Mikilvægt er að fjármunir fylgi slíku verkefni en fræðsla til að breyta hegðun fólks getur verið afar kostnaðarsöm. Þá þurfa að koma út skýrar og góðar leiðbeiningar til almennings og verslana um hvað er góð nýtni þ.e. að það telst t.d. ekki umhverfisvænt að eiga fleiri tugi margnota poka heima og nota aðeins brot af þeim. Einnig þarf að leiðbeina verslunum um hvaða margnota pokar eru betri en aðrir t.d. umhverfisvottaðir. Hvetja þarf þær, birgja og söluaðila margnota poka til þess að versla umhverfisvænni og endingargóða poka. Einnig er mikilvægt að til verði rökstuðningur fyrir því af hverju margnota pokar eru betri en einnota og af hverju þessar aðgerðir eru mikilvægar. Jafnframt er mikilvægt að fá svar við þeirri spurningu: „Hvað á ég að gera við ruslið mitt ef ég á ekki að setja það í plastpoka?“.

Samantekt.

- Allir eiga að flokka úrganginn sinn og vanda sig við það. Í flestum tilfellum í dag er ekki hægt að segja að erfitt sé að flokka. Sveitarfélög og sorphirðufyrirtæki bjóða upp á margar lausnir og það eina sem almenningur og fyrirtæki þurfa að gera er að kynna sér kostina og nýta sér þær lausnir sem í boði eru.
- Notast við margnotapoka í verslunina, afþakka poka frá sérverslunum, sleppa grænmetis- og

ávaxta pokunum þar sem það er hægt og nota frekar lítil net eða margnotapoka fyrir síður viðkvæmt grænmeti og ávexti.

- Notum plastpokana okkar aftur og aftur.
- Nota aðra afgangspoka í ruslatunnuna eða ef ekki annar kostur – lífbrjótanlegan poka.

Stjórnþæki sem gagnast við að ná markmiðinu

Í tilskipuninni kemur fram að í ráðstöfunum til að ná fram viðvarandi minnkun á notkun á þunnum burðarpokum úr plasti gæti m.a. falist að viðhalda eða innleiða efnahagsleg stjórnþæki. Í tilskipuninni er kveðið á um að slíkar ráðstafanir geti verið mismunandi eftir umhverfisáhrifunum af endurnýtingu þunnra burðarpoka úr plasti eða af förgun þeirra, eiginleikum þeirra hvað varðar myltingu, endingu þeirra eða sértækri fyrirhugaðri notkun.

Starfshópurinn telur ekki tímabært að banna á þessum tímapunkti alfarið á landsvísi notkun einnota burðarpoka úr plasti, þó að lokatakmarkið fram í tímann verði að notkun einnota burðarpoka úr plasti verði hætt. Mikilvægt er einnig að líta til heildarmyndarinnar og leggja áherslu á að fá alla til að nota minna af einnota pokum og umbúðum, fremur en að færa neysluna yfir í aðra einnota poka.

Starfshópurinn telur vænlegt að **verslanir verði strax hvattar til að afhenda ekki ókeypis plastpoka** í og það eigi þá við alla einnota plastpoka frá núll millimetra og upp úr. Þá nái aðgerðirnar bæði til dagvöruverslana og sérvöruverslana. Í dag er stór hluti einnota burðarplastpoka nýttur fyrir blandaðan úrgang á heimilum. Einnig fara sumir með þá aftur í verslunina til að bera vöruna heim. Pokar sem fást í sérvöruverslunum eru aftur á móti oft þannig að þeir nýtast sjaldan aftur en þá passa þeir oft ekki í ruslatunnur, ýmist of stórir eða litlir og fara þess vegna beint í ruslið eða endurvinnslu hjá þeim sem flokka. Því er mikilvægt fyrir trúverðuleika verkefnisins að bann við að gefa einnota plastpoka nái yfir þá alla. Líklegt er að slíkt bann kalli á nokkra áskorun í framkvæmd í ávaxta- og grænmetisdeildum sem og brauðdeildum þar sem notaðir eru afar þunnir einnota plastpokar. Verslanir munu þó væntanlega finna góðar leiðir til að leysa þau mál. Þar eru þegar aðrar leiðir færar eins og að nota ekki poka fyrir þær vörur þar sem það er óþarfi, svo sem fyrir appelsínur og sætar kartöflur. Færst hefur í aukana að neytendur komi með eigin net eða fjölnota poka í verslunina fyrir þessar vörur og þá geta verslanir einnig boðið viðskiptavinum sínum uppá litlar körfur sem starfsmaður á kassa getur tínt uppúr. Þá er hægt að kynna fyrir fólki hvað annað hægt er að nota og þá væri gott að fá verslanir með í það verkefni áður en framkvæmd hefst.

Starfshópnum hugnast að fara svipaða leið og farin var í Danmörku, þ.e. með því að leggja hér á landi lágt úrvinnslugjald á hvert kg af framleiddum og innfluttum burðarplastpoka og að verslanir selji einnota poka á verði sem skiptir máli þegar neytandi ákveður hvort að hann eigi að kaupa poka eða ekki.

Úrvinnslusjóður er kerfi utan um beitingu hagrænna stjórnþækja um meðhöndlun úrgangs og ríkjandi sátt hefur verið um starfsemi sjóðsins. Megin hugmyndafræði um sjóðinn er framleiðendaábyrgð. Starfshópurinn telur eðlilegt að **þeim hagrænu stjórnþækjum sem beitt verða í þessu verkefni vegna úrvinnslu, tölfraði og skýrslugjafar verði fundinn farvegur í gegnum Úrvinnslusjóð**. Fulltrúar Úrvinnslusjóðs sjá enga vankanta að taka þetta að sér enda verði sjóðnum einungis falið að sjá um tölfraði, innheimtu, og skýrslugjöf. Í raun er ekki um nýtt verkefnið hjá Úrvinnslusjóði að ræða heldur nánari útfærsla á verkefnum sem nær yfir burðarplastpoka. Í upphafi þarf magn einnota plastpoka að vera ljóst. Úrvinnslusjóður leggur til að tollflokkum verði skipt upp þannig að til verði tollflokkur sem á einungis við burðarplastpoka en þá finnst það magn poka sem flutt er inn til landsins og framleitt hér á landi. Sér deild sem sér um einnota burðarplastpoka yrði stofnuð innan Úrvinnslusjóðs til að halda utan um fjármagnið sem kemur inn fyrir gjaldtökuna sem síðan er gert ráð fyrir að leggist af eftir því sem notkun burðarplastpoka minnkar.

Starfshópurinn telur **eðlilegt að verslunin sjái um aðra þætti**, svo sem **fræðslu, vitundarvakningu, nýsköpun, og noti til þess það fjármagn sem kemur af sölu einnota poka í**

verslunum. Fulltrúar verslunarinnar ásamt Umhverfisstofnun myndu í sameiningu halda utan um það verkefni. Umhverfisstofnun sæi um faglega þáttinn og fulltrúar verslunarinnar myndu ákveða hvaða verkefni ætti að fara í og bera þann kostnað sem af verkefninu hlýst. Þannig er tryggt að **verslunin dragi vagninn** og leggi, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, fram áætlun um hvað verslunin ætlar að gera. Einnig er hægt með þessum hætti að tryggja að **starfsfólk verslunarinnar sé vel upplýst og jákvætt gagnvart þessu verkefni**. Mikilvægt er að verkefni slíks sjóðs á vegum verslunarinnar verði vel skilgreint og í hvers konar verkefni fjármagnið á að fara, verkefni hans og úthlutun sé gagnsæ og í honum sitji fulltrúar frá verslunum og stjórnvöldum, þ.e. Umhverfisstofnun. Starfshópurinn sér ákveðna kosti í því að verslunin sjái sjálf að mestu leyti um innleiðingu þar sem stór hluti verkefnisins felst í að vekja athygli á verkefninu innan verslana og uppfærða starfsfólk um það. Þá þarf líka að gæta þess að svo gjald á einnota burðarplastpoka skili sér með þeim hætti að úrgangurinn minnki þarf að fá verslanir til að hætta að gefa pokana, að starfsfólk bjóði ekki viðskiptavinum poka að fyrri bragði og ef óskað er eftir þeim þá kosti þeir. Hér er því lagt til að í stað þess að fara í breytingar á lögum og reglugerðum varðandi þennan þátt til að ná markmiðum verði gerður **frjáls samningur við verslunina**, sem endurskoðaður verði reglulega. **Nái verslunin ekki settum markmiðum eða fríþegar of margir muni stjórnvöld setja löggjöf.**

Umhverfisstofnun og verslunin myndu mynda framkvæmdahóp sem bæri faglega ábyrgð á verkefninu og „Nýr pokasjóður“ bæri fjárhagslega ábyrgð. **Framkvæmdahópnum er ætlað að vinna að aðgerðum og koma þeim í framkvæmd.** Þá myndi Umhverfisstofnun setja saman hóp með fulltrúum verslunarinnar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðilum eftir þörfum til að ræða tillögur að aðgerðum um kynningu og fræðslu fyrir almenning og verslunina.

Sjóðurinn sem verslunin myndi hafa yrði notaður til að sinna fræðslu og til að styrkja ýmis verkefni í þágu umhverfismála þessu tengdu, t.d. í þróun á umhverfissvænni umbúðum eða pokum, og úrgangsforvörnum. Gerður yrði samningur milli verslunarinnar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um framkvæmdina.

Tillögur

Verkefni sem liggur fyrir að draga úr notkun einnota plastpoka með árangursríkum hætti er hluti af samfélagsábyrgð og á að miða að því að úr verði gagnkvæmur ávinningur fyrir umhverfið og samfélagið; einstaklinga, fyrirtæki og stjórnvöld. Mikilvægt er að upplifunin af verkefninu verði þannig að allir séu með og að ábyrgðin sé dreifð, verkefnið höfði til fólks og að stjórnvöld og atvinnulífið verði fyrirmyndir, stuðli að nauðsynlegri lífsstílsbreytingu, vitundarvakningu og umbun til neytandans.

Flestir Íslendingar eru löngu tilbúnir til að draga úr notkun einnota burðarpoka og stuðla að virkri umhverfisvernd. Fyrir hina sem ekki eru tilbúnir þarf þetta að vera einfalt og skýrt. Það sem ergir fólk við úrgangsforvarnir og meðhöndlun úrgangs er að skilaboðin og aðferðirnar eru margar. Það þurfa því að vera ein skilaboð og einfaldar aðgerðir.

Starfshópurinn leggur áherslu á að þær leiðir sem valdar verða innihaldi einföld og skýr skilaboð undir jákvæðum formerkjum. Starfshópurinn telur að verði verkefnið samþykkt og að fjámunir fáið í það þá sé góð og öflug kynning það mikilvægasta. Verði vel staðið að verkefninu og því gefinn nauðsynlegur tími þá verði ekki mikið mál að ná settum markmiðum.

Lagt er til að strax verði hafinn undirbúningur er varðar samstarf við Úrvinnslusjóð og nauðsynlegar breytingar á honum. Jafnframt verði strax settur saman hópur verslunarinnar og Umhverfisstofnunar til að undirbúa fræðslu og kynningu fyrir almenning og verslunina, enda verði framkvæmdin á ábyrgð verslunarinnar og Umhverfisstofnunar. Lagt er til að innleiðing á þessu verkefni verði að fullu komin af stað í byrjun árs 2018 sem passar vel við taktinn í úrgangsforvarnastefnunni – *Saman gegn sóum* – þegar plast verður í forgrunni. Með þessu gefst tími í ágætan undirbúning og forsendur til að leysa verkefnið vel.

Í ljósi framangreinds eru gerðar eftirfarandi tillögur:

Tillaga 1: „Nýr pokasjóður“

Samtök verslunar og þjónustu hafi forgöngu um að sem flestar verslanir komi sér saman um samstarf í „Nýjum pokasjóði“ sem vinni markvisst að verkefnum tengdum tilskipun 2015/720/ESB um breytingu á tilskipun 94/62/EB um minnkun á notkun léttar burðarplastpoka, eftirfarandi tillögum og öðrum verkefnum tengdum hringrásahagkerfinu. Starf „Nýs pokasjóðs“ verði byggt á samningi milli hans og umhverfis- og auðlindaráðuneytis þar sem lágmarksskuldbindingar sjóðsins eru settar fram, svo sem tímasett áætlun um árangur og hvernig gerð verði grein fyrir virkni samkomulagsins. Ganga skal frá samningi fyrir 1. september 2016. Endurskoðaðir ársreikningar sjóðsins skulu birtir eigi síðar en 1. maí ár hvert fyrir næstliðið ár.

Ábyrgðaraðili: Samtök verslunar og þjónustu og umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Kostnaður: Fer eftir verkefnum hverju sinni og greiðist af „Nýjum pokasjóði“.

Tillaga 2: Framkvæmdahópur verslunarinnar um að draga úr notkun einnota burðarplastpoka

Umhverfisstofnun og fulltrúar verslunarinnar/„Nýr pokasjóður“ myndi framkvæmdhóp til að vinna að aðgerðum um kynningu og fræðslu fyrir almenning og verslunina. Hópnum er ætlað að vinna að aðgerðum og koma þeim í framkvæmd.

Ábyrgðaraðili: „Nýr pokasjóður“.

Kostnaður: 1.500.000 á ári í utanumhald, skipulagningu og að leita útboða.

Tillaga 3: Tölulegar upplýsingar

Mikilvægt er að fá sem bestar upplýsingar um umfang burðarplastpokanotkunar hér á landi svo hægt sé að setja markmið og mæla árangur annarra aðgerða sem hópurinn leggur til. Ljóst er að aðgengilegar tölfræðiupplýsingar um notkun einnota burðarplastpoka á Íslandi í dag eru af skornum skammti þó upplýsingar séu til og liggi hjá ýmsum aðilum en eru oft á ósamræmanlegu formi og háðar viðskiptaleynd. Þá er mikilvægt að aðferðarfræðin við öflun gagna verði skýr og sú sama notuð við samanburð milli ára.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti feli Úrvinnslusjóði í júlí 2016 að hefja undirbúning við að skipta upp tollflokkum og taka saman tölulegar upplýsingar um notkun einnota burðarplastpoka á Íslandi til að fá samanburð um notkun milli ára.

Ábyrgðaraðili: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Úrvinnslusjóður.
Kostnaður: óverulegur.

Tillaga 4: Fræðsla og kynning til almennings og verslunar

Í ágúst og september 2016 verði hafinn undirbúningur að sértæku eins árs verkefni til að hefja umræðuna um að draga úr einnota plastpokanotkun og öðrum einnota umbúðum. Upphaf kynningar verði á ráðstefnu um úrgangsforvarnir – *Saman gegn sóum* - í 9. og 10. september 2016.

Ábyrgðaraðili: Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Kostnaður: 2.000.000 kr.

Tillaga 5: Bann við afhendingu burðarpoka án endurgjalds

Frá og með 1. janúar 2019 verði komið í lög að óheimilt verði að afhenda burðarpoka án endurgjalds. Jafnframt verði kveðið á um í lögum að gjaldið verði sýnilegt á kassakvittun. Umhverfisstofnun komi með tilmæli um lágmarksupphæð gjalds og upphæð gjalds verði endurskoðað reglulega, til lækkunar eða hækkunar, í samræmi við árangur.

Ábyrgðaraðili: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Kostnaður: óverulegur

Tillaga 6: Gjald á burðarpoka

Allar verslanir verða hvattar til að leggja strax gjald á alla burðarpoka sem þær nota og að hafa tiltækar, og fræða almenning um, aðra lausnir en notkun einnota burðarpoka til að koma vörinni heim. Gjaldið þarf að draga úr notkun á einnota pokum og því þarf gjaldið að vera það hátt að það hafi þau áhrif.

Ábyrgðaraðili: Framkvæmdahópur verslunarinnar
Kostnaður: óverulegur

Tillaga 7: Meðhöndlun úrgangs

Mikið magn úrgangs kallar á mikla plastpakanotkun og því er mikilvægt að sveitarfélög tryggi flokkun úrgangs og að íbúar hafi aðgang að þjónustu á þessu sviði þannig að flokkun verði einföld og markviss og dragi þannig úr plastpakanotkun vegna úrgangs. Sveitarfélög og sorphirðufyrirtæki tryggi að lausnir við meðhöndlun úrgangs feli ekki í sér notkun plastpoka. Svo neytendur fari ekki að kaupa einnota poka á rúllum fyrir úrgang þarf að hvetja fólk enn frekar að flokka og tryggja að þeim sé hvorki skylt að nota poka fyrir flokkaðan úrgang né óflokkaðann. Samband íslenskra sveitarfélaga skal upplýsa Umhverfisstofnun fyrir lok árs 2017 og lok árs 2018 hvaða skref hafa verið tekin til að tryggja framangreint.

Ábyrgðaraðili: Sveitarfélög og sorphirðufyrirtæki
Kostnaður: óverulegur

Tillaga 8: Samráðshópur um að draga úr notkun einnota burðarpoka

Umhverfisstofnun setji í ágúst 2016 saman samráðshóp með fulltrúum ýmissa aðila, svo sem verslunarinnar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fleirum eftir þörfum, til að vera vettvangur umræðu og eftir atvikum að setja fram tillögur að næstu skefum, um kynningu og fræðslu fyrir almenning og verslunina.

Ábyrgðaraðili: Umhverfisstofnun
Kostnaður: Óverulegur.

Tillaga 9: Breytingar á Úrvinnslusjóði

Lagt verði fram 146. löggjafarþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald. Breytingarnar fela það í sér að gjald verði lagt á einnota burðarplastpoka til að standa undir kostnaði við úrvinnslu burðarplastpoka, vinnslu tölfraði upplýsinga og skýrslugjöf. Sjóðnum verði falið að sjá um tölfraði, innheimtu og skýrslugjöf og í frumvarpinu verði tiltekið í hvaða verkefni fjármagnið á að fara.

Ábyrgðaraðili: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Kostnaður: óverulegur

Tillaga 10: Fræðsla og kynning til almennings og verslunar skv. tilskipun

Frá gildistöku tilskipunarinnar hér á landi og í a.m.k. í eitt ár eftir það verði unnið að skipulagi á fræðslu og kynningu á verkefninu. Markmið með fræðslu og kynningu er að fræða almenning og verslanir um óþarfa notkun einnota burðarpoka, kynna lausnir um hvað hægt er að gera annað en að nota slíka poka og að snúa núverandi þróun við með fræðslu um að draga almennt úr notkun einnota umbúða. Þá þurfa að koma fram skýr skilaboð til almennings um hvað er góð nýting og góðir pokar. Einnig að hafa leiðbeiningar til verslunarinnar um góða umhverfisvænni margnota poka.

Ábyrgðaraðili: „Nýr pokasjóður“ og Umhverfisstofnun.
Kostnaður: 10.000.000 kr. Gert er ráð fyrir að fjármagnið komi inn frá „Nýjum pokasjóði“.

Tillaga 11: Fræðsla um verkefnið „ég er ekki plastpoki“ skv. tilskipun

Á árunum 2017 og 2018 verði unnið að því að kynna lífbrjótanlega og myltanlega innkaupapoka. Þörf er á fræðslu um pokana svo þeim sé ekki ruglað saman við plast og geti þannig mögulega skemmt endurvinnslu á plasti fari þeir í þann endurvinnslufarveg. Þá verði farið í samstarf með framleiðendum pokanna og innflytjenda að merkja þá á sama hátt.

Ábyrgðaraðili: Umhverfisstofnun og „Nýr pokasjóður“.

Kostnaður: innifalinn í fræðslu- og kynningarverkefni árið 2016- 2017 skv. tillögu 10.

Tillaga 12: Mat á umhverfisáhrifum plastpoka vs. margnota og lífbrjótanlegra poka

Gögn og upplýsingar eru enn nokkuð óljósar um hvaða kostur er endilega bestur þegar kemur að umhverfislegum áhrifum mismunandi gerða af pokum. Taka þarf saman heimildir um vistferilgreiningu á þeim og gera mat á því hvað hentar íslenskum aðstæðum best. Ráðgjafi verði fenginn til að vinna verkefnið undir leiðsögn Umhverfisstofnunar og skal hann skila samantekt í mars 2017.

Ábyrgðaraðili: Umhverfisstofnun sér um faglega hluta verkefnisins og „Nýr pokasjóður“ greiði fyrir verkefnið

Kostnaður: 3.000.000

Tillaga að aðgerðaráætlun

Júlí 2016	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti felur Úrvinnslusjóði að hefja undirbúning við að skipta upp tollflokkum og taka saman tölulegar upplýsingar um notkun einnota burðarplastpoka á Íslandi.
Júlí 2016	Verslanir verða hvattar til að leggja gjald á alla burðarpoka og að hafa tiltækar aðra lausnir en notkun einnota burðarpoka til að koma vörunni heim.
Ágúst 2016	Framkvæmdahópur verslunarinnar um að draga úr notkun einnota burðarplastpoka tekur til starfa.
Ágúst 2016	Samráðshópur til að draga úr notkun einnota burðarpoka tekur til starfa.
Ágúst og september 2016	Undirbúningur að sértæku eins árs verkefni til að hefja umræðuna um að draga úr einnota plastpokanotkun og öðrum einnota umbúðum.
1. september 2016	Samningur „Nýs pokasjóðs“ og umhverfis- og auðlindaráðuneytis frágenginn.
9. og 10. september 2016	Upphaf kynningar á verkefni til að draga úr notkun á einnota burðarplastpokum og öðrum einnota umbúðum á ráðstefnu um úrgangsforvarnir – <i>Saman gegn sóun</i> .
Október 2016	Umhverfisstofnun setur fram tilmæli um lágmarksupphæð gjalds burðarpoka.
Nóvember 2016	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald um einnota burðarplastpoka verður lagt fram.
1. janúar 2017	Í a.m.k. eitt ár verður unnið að skipulagi á fræðslu og kynningu á verkefninu fyrir almenning og verslanir um óþarfa notkun einnota burðarpoka, kynna lausnir um hvað hægt er að gera annað en að nota slíka poka og að snúa núverandi þróun við með fræðslu um að draga almennt úr notkun einnota umbúða.
2017 og 2018	Fræðsla um verkefnið „ég er ekki plastpoki“.
Mars 2017	Mat á umhverfisáhrifum plastpoka vs. margnota og lífbrjótanlegra poka lokið.
Desember 2017	Samband íslenskra sveitarfélaga upplýsir Umhverfisstofnun hvaða skref hafa verið tekin til að tryggja flokkun úrgangs og að íbúar hafi aðgang að þjónustu á þessu sviði þannig að flokkun verði einföld og markviss og dragi þannig úr plastpokanotkun vegna úrgangs, sem og upplýsingar um að lausnir við meðhöndlun úrgangs feli ekki í sér notkun plastpoka.
Desember 2018	Samband íslenskra sveitarfélaga upplýsir Umhverfisstofnun hvaða skref hafa verið tekin til að tryggja flokkun úrgangs og að íbúar hafi aðgang að þjónustu á þessu sviði þannig að flokkun verði einföld og markviss og dragi þannig úr plastpokanotkun vegna úrgangs, sem og upplýsingar um að lausnir við meðhöndlun úrgangs feli ekki í sér notkun plastpoka.
1. janúar 2019	Komið í lög að óheimilt verði að afhenda burðarpoka án endurgjalds og að gjaldið verði sýnilegt á kassakvittun.

Lokaorð

Starfshópurinn þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri að koma að þessu verkefni og fá að setja fram tillögur um aðgerðir hvernig draga megi úr notkun plastpoka. Hópurinn leyfði sér að fara aðeins út fyrir þann ramma sem honum var settur í erindisbréfi og vonar að tillögur hópsins nýtist vel til að vinna áfram að þessu mikilvæga verkefni. Hópurinn bendir á mikilvægi þess að lausnir sem valdar verða séu hagkvæmar og umhverfisvænni en þær lausnir sem verið er að kveðja og að víðtækt samráð verði haft við hlutaðeigandi við að koma þeim í framkvæmd. Starfshópurinn þakkar öllum þeim sem hafa komið á fundi í hópnum og aðstoðað hafa hópinn við vinnu sína.

Reykjavík, 27. júní 2016



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVP, tilnefndur af Samtökum verslunar og þjónustu




Baldur Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Odda ehf., tilnefndur af Samtökum iðnaðarins



Eygerður Margrétardóttir, deildarstjóri hjá Reykjavíkurborg, tilnefnd af Sambandi ísl. sveitarfélaga



Hólmfríður Þorsteinsdóttir, sérfræðingur, tilnefnd af Umhverfisstofnun



Sigurbjörg Sæmundsdóttir, formaður, umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Gögn

- Þingsályktun um að draga úr plastpokanotkun sem samþykkt var á Alþingi 1. júlí 2015
<http://www.althingi.is/altext/144/s/1580.html>
- Tilskipun 2015/720/ESB um breytingu á tilskipun 94/62/EB um draga úr notkun á þunnum burðarpokum úr plasti <http://www.efra.int/eea-lex/32015L0720>
- Tillaga Umhverfisstofnunar um aðgerðir til að draga úr notkun plastpokag
- Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir árin 2013-2024
<http://www.ust.is/atvinnulif/sveitarfelag/landsaaetlun-um-urgang/>
- Saman gegn sóun – stefna um úrgangsforvarnir 2016 – 2027
<https://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/saman-gegn-soun-stefna-um-urgangsforvarnir-2016-2027>

